

Alþingi  
stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd,  
b/t Willum Þórs Þórssonar alþm.  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Selfoss, 25. nóvember 2015  
Mast15110398

**Efni: Athugasemd við frumvarp til laga um breytinga á lögum um þjóðfána - notkun fánans í merkingum**

Sæll Willum Þór Þórsson.

Neytendastofa vakti nýlega athygli Matvælastofnunar á ofangreindu frumvarpi og að Matvælastofnun væri ekki á lista yfir skráða umsagnaraðila.

Matvælastofnun hefur farið yfir málið og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við þetta mál:

Samkv. núgildandi 4.mgr. 12.gr. laga um þjóðfána Íslendinga o.fl. nr. 34/1944 er óheimilt að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breyttum reglum hvað þetta varðar. Að heimilt sé að nota hinn almenna þjóðfána í merki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu sé varan eða starfsemi sú sem í hlut á telst vera íslensk að uppruna og fánanum ekki óvirðing gerð.

Samkvæmt frumvarpinu telst vara íslensk að uppruna ef hún er framleidd hér á landi úr innlendu hráefni "að uppistöðu til."

Vara sem hefur verið framleidd hér á landi í a.m.k. 30 ár undir sama vörumerki telst jafnframt íslensk að uppruna þótt hún sé framleidd úr innfluttu hráefni að stórum hluta eða öllu leyti og sama gildir um matvöru sem er framleidd hér á landi samkvæmt íslenskri hefð.

Af þessu tilefni vill Matvælastofnun taka fram að samkv. 1. málsg. 11.gr. laga um matvæli nr. 93/1995 er óheimilt að hafa matvæli á boðstólum eða dreifa þeim þannig að þau blekki kaupanda að því er varðar uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða áhrif.

Í 4.gr. sömu laga er hugtakið framleiðsla eins og það er notað í lögnum skilgreint á eftirfarandi hátt:

*Framleiðsla* er meðferð hráefnis, vinnsla, pökkun og matreiðsla. Hér er einnig átt við húsnæði, störf, hreinlæti og heilbrigði starfsfólks og annað sem tengist framleiðslu, svo og efni og hluti sem geta komist í snertingu við matvæli, sbr. ákvæði IV. kafla laganna.

Spyrja má hvað þurfi til að vara teljist framleidd á Íslandi. Er pökkun nóg? En blöndun og pökkun? Eða skolun og pökkun?

Einnig er óljóst hvað orðin "að uppistöðu til" nákvæmlega merkja.

Benda má á að búið er að innleiða á Íslandi Evrópureglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Í 2. gr. þessarar reglugerðar sem er nr. 1169/2011/EB (ísl. rgl.1294/2014) er að finna eftirfarandi skilgreiningu á megininnihaldsefni í staflið q:

"megininnihaldsefni": eitt eða fleiri innihaldsefni í matvælum sem mynda meira en 50% af þeim matvælum eða sem neytendur tengja vanalega við heiti matvælna og sem venjulega þarf að gefa upp magnmerkingu fyrir.

Spyrja má einnig hvað orðin "Íslensk að uppruna" merkja nákvæmlega í frumvarpinu.

Ef það merkir upprunaland þá eru skilgreiningar í 2. gr. frumvarpsins að einhverju leyti í mótsögn við reglugerð ESB nr.2913/92.

Í 2.tölulið 2.gr. reglugerðar nr. 1169/2011/EB (um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda) segir:

g) "upprunastaður": hver sá staður sem tilgreint er að matvæli komi frá sem ekki er "upprunaland" eins og ákvarðað er í samræmi við 23-26.gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92; nafn, firmaheiti eða heimilisfang stjórnanda matvælafyrirtækisins á merkimiðanum skal ekki teljast vera tilgreining á upprunalandi eða -stað matvæla í skilningi þessarar reglugerðar.

Athygli stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis er hér með vakin á þessu.

F.h. Matvælastofnunar

---

Einar Örn Thorlacius lögfr.